

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 563/2012

2013/EES/46/11

frá 27. júní 2012

um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins (ESB) fyrir matvæli og fôður og fyrir heilbrigði dýra og lifandi dýr. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir matvæli og fôður eru tilgreindar í I. hluta VII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um ráðstafanir til eftirlits með þeim efnum og flokkum leifa sem eru tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Í kjölfar endurskipulagningar á starfsemi á rannsóknarstofum í Hollandi var allt starfssvið, þ.m.t. öll grunnvirki og allt starfsfólk Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu (RIVM), sem er sem stendur skráð sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á leifum dýralyfja og aðskotaefna í matvælum úr dýraríkinu, að því er varðar efnaleifar sem eru skráðar í 1., 2., 3. og 4. lið í A-flokki, d-lið 2. liðar í B-flokki og d-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB, fært til RIKILT – Institute for Food Safety. Verkefni RIVM voru falin RIKILT samkvæmt rannsóknarsamningi sem lauk 31. desember 2011.
- 4) Þar eð samningi við RIVM var að ljúka var kallað eftir umsóknum um að velja tilvísunarrannsóknarstofu

Evrópusambandsins sem kæmi í hennar stað. RIKILT – Institute for Food Safety var valin sem rannsóknarstofa sem uppfyllti allar viðmiðanir sem krafist er og skal hún tilnefnd sem slík.

- 5) Vegna vægis efnanna í 1. til 4. lið A-flokks í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB og þeirrar staðreyndar að RIKILT – Institute for Food Safety var valin sem rannsóknarstofa sem uppfyllti allar viðmiðanir sem krafist er skal hún tilnefnd sem lögbær tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á leifum dýralyfja og aðskotaefna í matvælum úr dýraríkinu, að því er varðar efnaleifar sem eru skráðar í 1., 2., 3. og 4. lið í A-flokki, d-lið 2. liðar í B-flokki og d-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB frá og með 1. janúar 2012. Reglugerð þessi skal gilda með afturvirkum hætti frá og með 1. janúar 2012.
- 6) Því ber að breyta I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað a-liðar 12. liðar í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi eftirfarandi:

„a) Fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í 1., 2., 3. og 4. lið í A-flokki, d-lið 2. liðar í B-flokki og d-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB

RIKILT – Institute for Food Safety, hluti af Wageningen UR  
Wageningen  
Holland“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. janúar 2012.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. 168, 28.6.2012, bls. 24. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stj. 165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stj. 125, 23.5.1996, bls. 10.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---